

(B. XXX, 1).

Na.

68. Framvörp

til laga um breyting á lögum nr. 35, frá 30. júlí 1909, um stofnun háskóla.

Flutningsmaður: Jón Þorláksson.

1. gr.

2. grein laga nr. 35, frá 30. júlí 1909, um stofnun háskóla, skal orðuð þannig:

Í háskólanum skulu vera þessar þrjár deildir.

Guðfræðideild,

læknadeild,

laga- og heimspekideild.

2. gr.

Fyrsta málslíð 5. gr. laganna skal orða þannig:

Rektor og deildarforsetar eiga sæti í háskólaráði. Rektor er sjálfkjörinn forseti ráðsins, en varaforseta kys háskólaráðið sjer sjálfst úr sínum hóp.

3. gr.

7. gr. laganna skal orða þannig:

Biskup þjóðkirkjunnar er samkvæmt embættisstöðu sinni kennari við guðfræðideild háskólans, og nýtur hann sömu rjettinda um öll háskólamál sem prófessorar.

Aðrir kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar og aukakennarar. Konungur skipar prófessorana, en ráðherra dósenta og aukakennara, að svo miklu leyti sem aukakennarar eru sjerstaklega skipaðir til kenslunnar. Áður

en kennari er settur eða skipaður við háskólann samkvæmt þessu, skal leita umsagnar hlutaðeigandi háskóladeildar um kennaraefnið.

4. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, er verður 8. grein, svo hljóðandi:
Í guðfræðideild háskólans eru auk biskups 1 prófessor og 1 dósent.

Í læknadeildinni eru 2 prófessorar, 1 dósent og aukakennarar eftir því, sem ákveðið verður hverju sinni, og eru þeir fyrst um sinn þessir: hjerads-læknirinn í Reykjavík, holdsveikralæknirinn, efnafræðingur landsins, augn-læknir sá og tannlæknir, er styrks njóta úr landssjóði, og eru þessir auka-kennarar skyldir að kenna við háskólann með sömu kjörum og þeir kendu við læknaskólann.

Í laga- og heimspekideildinni eru 2 prófessorar í lögfræði, 1 prófessor í heimspeki, 1 prófessor og 1 dósent í íslenskri málfræði og sagnfræði. Hin 2 síðastnefndu embætti skal einungis veita þá er til fást menn, sem að dómi háskólaráðsins eru sjerstaklega vel hæfir.

Við allar deildir má skipa aukakennara, ef fje er til veitt í fjárlögum, og gildir sú skipun eigi lengur en fje er til veitt.

Prófessorar og dósentar taka laun úr rikissjóði eftir ákvæðum launalaga.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Lög nr. 19, 1. okt. 1919, um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

Lög nr. 25, 2. nóv. 1914, um stofnun kennarastóls í klassískum fræð-um við Háskóla Íslands.

Lög nr. 34, 26. okt. 1917, um stofnun dósentsembættis við Háskóla Íslands.

Lög nr. 35, 26. okt. 1917, um að skipa dr. phil. Guðmund Finnbogason kennara í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands.

6. gr.

Til þess að fækkun sú á embættum, sem leiðir af lögum þessum, komist sem fyrst í framkvæmd, skal beita, eftir því sem fært þykir, ákvæðinu í 16. grein stjórnarskrárinnar, þriðju málsgrein. Að öðru leyti kemur fækkunin til framkvæmda jafnóðum og embættin losna.

7. gr.

Þegar lög þessi eru staðfest, skal færa breytingar þær, sem felast í 1. til 4. gr., inn í lögin frá 30. júlí 1909, um stofnun háskóla, og getur konungur þá gefið út lögin þannig breytt, og með þeirri breytingu á greinatölu laganna, er þar af leiðir, sem lög um stofnun háskóla.

Greinargerð.

Fjárbag landssjóðs er nú svo komið, að telja má ókleift að rjetta hann við nema gripið sje til allra þeirra úrræða samtímis, sem nota mætti í því skyni. Þótt reynt sje í bili að stöðva tekjuhallann með því að fella niður allar verklegar framkvæmdir, þá er einsætt, að þjóðin mnni ekki geta unað því til langframa, en þá verður líka nú þegar að hugsa fyrir niðurfærslu útgjaldanna á öðrum sviðum, svo sem með fækkun embætta. Þótt sú leiðin geti ekki leitt til stórkostlegs sparnaðar þegar í stað, þá verður engu að síður að taka nú þegar ákvarðanir í því efni, til þess að landssjóður geti aftur byrjað verklegar framkvæmdir og aukið þær eftir því, sem sparnaðurinn af embættafækkuninni kemur fram.

Af þessum ástæðum er frv. fram borið, og felur það í sjer allar þær fækkanir á embættum við háskólann, sem stungið hefir verið upp á í einstökum frv., sem borin hafa verið upp á þessu þingi, og fer enn fremur nokkru lengra í þessu efni.

Breytingarnar, sem frv. gerir á kennaraliði háskólans, eru þessar:

1. Lagt niður eitt prófessorsembætti við guðfræðideildina, og kemur kensla og þátttaka í háskólastjórn af biskups hálfu í þess stað. Sama efni felst í frv. frá þm. Strandamanna (Tr. Þ.) á þskj. 28.
2. Lagt niður dósentsembættið i klassiskum fræðum. Sama efni er í frv. á þskj. 36; flutningsmenn Tr. Þ., Jör. B. og B. St.
3. Lagt niður prófessorsembættið i hagnýtri sálarfræði. Sama efni er i frv. á þskj. 35; flutningsmenn Jör. B., B. St. og Ing. B.
4. Lagt niður eitt af þrem prófessorsembættum við lagadeildina.
5. Í stað tveggja prófessora í íslenskri málfræði og sögu komi 1 prófessor og 1 dósent.

Að því er snertir þrjár fyrstnefndu breytingarnar þykir nægja að vísa til ástæðna þeirra, er fluttar hafa verið nú og fyr viðvikjandi hinum sjerstöku frv. um þau efni.

Það má telja óefað, að 2 kennurum sje ekki ofætlun að hafa á hendi lagakensluna, svo fáir sem nemendurnir eru og ættu að verða fyrst um sinn. Þegar lagaskólinn var stofnaður, voru honum ákveðnir einungis 2 kennarar, og var kenslustarfið þó vitanlega erfiðast í fyrstu, meðan engar kenslubækur voru til á íslensku.

Stungið er upp á sömu kensluröftum í íslenskum fræðum, sem ákveðnir voru í lögnum frá 1909, er háskólinn var stofnaður, með þeirri breytingu, að nú sje ekkert einskorðað um, hverja grein kenslunnar hvor kennarinn skuli hafa á hendi.

Vegna skipulags háskólans virðist naumast fært að hafa neina háskóla-deild svo fáskipaða, að þar sjeu einungis 2 kennarar. En eftir frv. verða einungis 2 fastir kennarar í núverandi lagadeild, og eftir ákvæðinu um kennarana í ísl.

fræðum, getur það komið fyrir, að ekki verði ávalt fleiri en 2 kennarar í núverandi heimspekideild. Af þessum ástæðum fer frv. fram á að sameina þessar 2 háskóladeildir í eina.

Ákvæðin um aukakennara gera það mögulegt að bæta við allar deildir kenningröftum í einstökum greinum, ef fje er til veitt. Ef haldið væri sjerstöku embætti fyrir þjóðskjalavörð og öðru fyrir landsbókavörð, svo sem verið hefir hingað til, mætti telja eðlilegt, að þeir menn störfuðu vegna stöðu sinnar sem aukakennarar í íslenskum fræðum við háskólann, og mætti þá komast af með einn fastan háskólakennara í þeirri grein, en tillögur frv. eru miðaðar við, að fram gangi frv. stjórnarinnar um sameining þessara embætta.

Að öðrn leyti verðnr gerð grein fyrir frv. í framsögu.